

Alþingi  
Erindi nr. P 127/24  
komudagur 5.11.2001



Reykjavík, 5. nóvember 2001

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Netfang: [nefnadasvið@althingi.is](mailto:nefnadasvið@althingi.is)

**Efni: Umsögn Tals h.f. um frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 107/1999 um fjarskipti.**

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Tals hf. um ofangreint frumvarp og fer umsögn félagsins hér á eftir:

Gerð er tillaga um breytingu á fjarskiptalögum varðandi eftirfarandi tvo þætti:

- a. Álagningu og innheimtu jöfnunargjalds;
- b. Aðgang að heimtaugum á kostnaðarverði.

**Um a.** Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjald skuli vera 0,12% af bókfærðri veltu og er þá átt við veltu af rekstri almennra fjarskiptaneta og / eða almennrar talsimþjónustu. Síðan segir að *gjaldhlutfallið* skuli endurskoðast árlega af Póst- og fjarskiptastofnun. Ohjákvæmilegt er að skilja hugtakið *gjaldhlutfall* og endurskoðunarheimildina þannig að átt sé við að heimilt sé að hækka eða lækka jöfnunargjaldið eftir þörfum og löggjafinn framselji það vald til Póst- og fjarskiptastofnunar. Slíkt skattlagningarvald verður ekki framselt til framkvæmdavaldsins skv. stjórnarskrá. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins í greinargerð er notað hugtakið *skatthlutfall* í sömu merkingu og *gjaldhlutfall*. Í síðustu málslið í síðustu málsgrein í athugasemdum við 1. gr. frv. segir að verði halli á rekstri jöfnunargjaldssjóðsins verði að draga úr alþjónustu eða samgönguráðherra að leggja til að lögum verði breytt til hækkunar á *gjaldstofni* jöfnunargjalds. Ákvæði frv. og þessi athugasemd í greinargerð verða ekki samþýdd og þarf að umorða frumvarpsgreinina þannig að skýrt sé hvað við sé átt með árlegri endurskoðun *gjaldhlutfalls*.

Ekki er að finna í frv. eða í 15 gr. fjarskiptalaga ákvæði um reikningshald fyrir jöfnunargjaldssjóð né endurskoðun reikninga sjóðsins og birtingu þeirra. Lagt er til að ákvæði þar um verði felld inn í frumvarpið.


Þá er lagt til að greiðendur jöfnunargjaldsins hafi aðgang að ákvörðunum um álagningu, innheimtu, reikningshald og ráðstöfun jöfnunarsjóðsins á sama hátt og gert er t.d. um flutningsjöfnunarsjóð olíuvara, sbr. l. nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, en skv. þeim lögum eiga greiðendur einn mann í þriggja manna stjórn.

Þar sem ófullnægjandi upplýsingar um framkvæmd jöfnunargjaldsmála fylgja frumvarpinu ritaði Tal h.f. bréf með beiðni um upplýsingar um framkvæmdina til Póst- og fjarskiptastofnunar og fékk svar um hæl. Svarið dags. 2. nóvember 2001 fylgir hér með til skýringar.

Tal hf.  
Síðumúla 28  
108 Reykjavík  
Sími 570 6000  
Fax 570 6001  
[www.tal.is](http://www.tal.is)

**Um b.** Með lögfestingu reglna um aðgang að heimtaugum á kostnaðarverði er verið að fullnægja skuldbindingum Íslands skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Mælt er fyrir um að rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild í almennum fastlínunetum og talsímabjónustu birti viðmiðunartilboð um gjöld fyrir aðganginn og skulu slík tilboð taka mið af kostnaði þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Nauðsynlegt kann að vera að kveða á um í lögnum sjálfum hvenær slíkt viðmiðunartilboð skuli hafa borist Póst- og fjarskiptastofnun í síðasta lagi og hvenær stofnunin skuli í síðasta lagi hafa birt tilboðið og gert það almenningi kunnugt. Ástæða þessa er sú að sambærilegt ákvæði er að finna í 26. gr. fjarskiptalaga og fjallar það um viðmiðunartilboð á sviði samtenginga. Þrátt fyrir það ákvæði hefur enn ekki tekist að fá aðgang að slíku viðmiðunartilboði og virðist sá dráttur stafa annars vegar af því að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki næg úrræði til að þvinga leyfishafa til að skila slíkum tilboðum og hinsvegar vegna af því að stofnunin virðist ekki hafa næga aðstöðu til að fara yfir slík tilboð og taka afstöðu til þeirra, en til þess er nauðsynlegt að greina kostnað viðkomandi fyrirækja af allmikilli nákvæmni. Hin nýja tillaga gefur tilefni til að taka á þessum vanda og gera tillögur til lausnar á honum. Ef það er ekki kleift hefur það ekki mikla þýðingu að gera lagaáskilnað um viðmiðunartilboð, ef lagafyrirmælum verður ekki framfylgt.

Virðingarfyllst,



Þórólfur Arnason

- Fylgiskjöl:
1. Fyrirspurn Ragnars Aðalsteinssonar hrl. til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 1. nóv. 2001.
  2. Svar Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 2. nóv. 2001.

Smíðjuvegi 68-70  
200 Kópavogi  
Sími 510 1500  
Fax 510 1509



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ragnar Adalsteinsson, hæstaréttarlögmaður  
Klapparstig 25-27,  
101 Reykjavík

2001110012

221

2. nóvember 2001

### Málefni: Jöfnunargjald.

Vísað er til bréfs yðar dags. 1. nóvember 2001 með fyrirspurn um jöfnunargjald skv. IV. kafla fjarskiptalaga. Svör við spurningum yðar eru sem hér segir:

#### 1. Jöfnunargjald árið 2000.

Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti í nóvember 1999 eftir umsókn um framlag úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustu. Ein umsókn barst, frá Neyðarlínunni hf., og hljóðaði umsóknin upp á 19 millj. kr. til þess að mæta halla á rekstri svörunarborðs fyrir símtöl í númerið 112. Póst- og fjarskiptastofnun áætlaði veltu fjarskiptafyrirtækja sem leyfi hafa hjá stofnuninni og út frá því var lagt til við samgönguráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp um jöfnunargjald á árinu 2000 sem næmi 0,18% af bókfærðri veltu. Alþingi samþykkti frumvarpið ekki fyrr en í byrjun júní 2000 og kom upp í því sambandi vandamál vegna þess að lögin geta ekki verið afturvirk og þess vegna var einungis hægt að innheimta hjá fjarskiptafyrirtækjum á scinni hluta ársins. Ríkissjóður bráði bilið með því að afla heimildar til að greiða helming gjaldsins. Tollstjóri annast innheimtu jöfnunargjaldsins og samkvæmt Ríkisbókhaldi nam álagning 13,9 millj. kr. Póst- og fjarskiptastofnun fær ekki sundurliðun á greiðendum en rétt er að geta þess að ríkisskattstjóra var sendur listi yfir rekstrarleyfishafa til þess að innheimta gæti farið fram. Póst- og fjarskiptastofnun greiddi Neyðarlínunni 10 millj. kr. úr jöfnunarsjóði í desember 2000.

#### 2. Jöfnunargjald árið 2001.

Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti í október 2000 eftir framlögum úr jöfnunarsjóði. Neyðarlínan hf. sendi umsókn um 20,5 millj. kr. til þess að mæta halla á rekstri svörunarborðs fyrir símanúmerið 112. Póst- og fjarskiptastofnun áætlaði að velta fjarskiptafyrirtækja á árinu 2001 mundi verða 20 milljarðir kr. Samkvæmt því mundi nauðsynleg álagsprósenta verða rúmlega 0,1% en til þess að mæta vanböldum var talan hækkuð í 0,12%. Frumvarp vegna þessa var lagt fyrir Alþingi og samþykkt 20. desember 2000. Tollstjóri ákvað í byrjun desember 2000 um fyrirframgreiðslu jöfnunargjalds á árinu 2001 á grundvelli álagningar ársins 2000 en endanleg álagning átti sér stað á seinni hluta þessa árs. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki fengið upplýst enn um niðurstöðu álagningar. Á þessu ári hefur stofnunin greitt Neyðarlínunni hf. samkvæmt mánaðarlegum reikningum sem miðast við samþykka áætlun og munu samtals nema 20,5 millj. kr. fyrir allt árið.

- 2 Mott/Se 2001 2. nóv 01

Skjaln.

Skjalagl.

Afrít til

Send.mati

Send.mati



Spurt er ein fremur í hvaða skyni fjárframlög hafa verið veitt og á hvaða reiknings- eða kostnaðargrundvelli. Eins og fram kemur hér að ofan hafa jöfnunarframlög verið greidd Neyðarlínunni hf. Þau eru til að standa undir halla á rekstri símaborðs fyrir simtöl sem hringd eru í neyðarnúmerið 112 en skv. lögum er Neyðarlínunni hf. falinn rekstur svarþjónustu í 112. Neyðarlínan hefur undanfarin ár sent Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um framlag sem miðast við áætlun fyrirtækisins fyrir komandi ár. Áætlunin miðast eingöngu við þann hluta reksturs Neyðarlínunnar sem tengist svörun í 112 en kostnaður við að kalla út neyðar- og björgunaraðila fellur ekki hér undir né önnur starfsemi. Til staðfestingar því að rétt sé greint á milli hefur Póst- og fjarskiptastofnun óskað eftir staðfestingu endurskoðanda Neyðarlínunnar hf. á áætluninni. Sömuleiðis krefst stofnunin þess að aðskildur ársreikningur sé gerður fyrir alþjónustustarfseminna og staðfestur af endurskoðanda. Fulltrúar Póst- og fjarskiptastofnunar hafa farið nokkrum sinnum í heimsókn til Neyðarlínunnar hf. til þess að skoða þá starfsemi sem þar fer fram.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur í dag óskað eftir upplýsingum um heildarálagningu og innheimtu jöfnunargjalds árin 2000 og 2001 og mun senda þær áfram ef þær berast fyrir 6. nóvember 2001. Það er hins vegar upplýst af hálfu skattstjóra að ekki verði upplýst um greiðslur einstakra aðila.

Virðingarfyllst,

Guðstav Arnar

Hr. Gústav Arnar  
Póst- og fjarskiptastofnun  
Smiðjuvegi 68-70

200 KÓPAVOGUR

Fax nr. 510 1509

1. nóvember 2001

**Efni: Jöfnunargjald skv. IV. kafla fjarskiptalaga**

Ég fer þess vinsamlegast á leit að þér látið mér í té upplýsingar um innheimtu og ráðstöfun á jöfnunargjaldi árið 2000 og f.hl. árs 2001. Jafnframt óska ég efir að fram komi hverjir hafa greitt eða verið krafðir um greiðslu jöfnunargjalds og hversu hátt gjald hver og einn hefur greitt. Ennfremur hverjir hafi sótt um fjárframlög og í hvaða skyni og hverjir hafi fengið úthlutun og hverjir ekki. Þá er óskað eftir upplýsingum í hvaða skyni fjárframlög hafa verið veitt og á hvaða reiknigrundvelli eða kostnaðargrundvelli.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn umbj.m. Tals h.f. um frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum m.a. á ákvæðum um jöfnunargjald og að mínu áliti er óhjákvæmilegt að fyrir liggi þessar upplýsingar er umsögnin verður send Alþingi. Umbj.m. hefur frest til 5. nóvember til að skila umsögninni og ég mæti það mikils ef unnt væri að senda mér upplýsingarnar í tæka tíð.

Virðingarfyllt

Ragnar Aðalsteinsson